



Félag atvinnurekenda
Skeifunni 11b
108 Reykjavík

Sauðárkróki 29. apríl 2026
Málsnúmer: 2604021

Athugasemdir FA um óskir Íslandspósts um fjárframlag vegna erlendra bréfa og gjaldskráreftirlit Bygðastofnunar

Vísað er til bréfs dags. 15. apríl 2026 þar sem óskað er tiltekinna upplýsinga um erindi Íslandspósts ohf. varðandi beiðni félagsins um fjárframlag vegna kostnaðar við umsýslu og póstpjónustu vegna óskráðra, erlendra bréfa.

Bygðastofnun getur upplýst að erindið barst undir lok ágúst 2025 og hlaut ekki efnislega afgreiðslu stofnunarinnar. Erindið fól í sér beiðni um breytingar á útnefningu Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda en samkvæmt 8. tl. ákvörðunarorða útnefningar félagsins sem alþjónustuveitanda eru slíkar breytingar heimilar ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa orðið á lögum eða reglugerðum sem áhrif hafa á einstök atriði, en kanna skal fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar vegna komandi árs.

Bygðastofnun mat það svo að slík könnun hafi ekki verið framkvæmd innan tímamarka og tjáði Íslandspósti það án þess að erindið hafi verið afgreitt formlega.

Bygðastofnun getur upplýst að sambærilegt erindi hefur nú borist stofnuninni og hefur verið tekið til könnunar.

Með 4. gr. laga nr. 23/2019 var sett inn heimild í þágildandi lög um póstpjónustu, nr. 19/2002, þar sem Íslandspósti var veitt heimild til að leggja á sendingargjald á viðtakanda erlendra póstsendingar sem hefur að geyma einhver verðmæti sem skylt er að leggja á aðflutningsgjöld.



Sendingargjaldið einungis lagt á skráðar sendingar sem innihalda einhverja vöru sem skylt er að leggja á aðflutningsgjöld. Sendingargjald hefur ekki verið lagt á óskráðar erlendar sendingar (almenn bréf) og því engin gjaldskrá fyrir slíkar sendingar fyrir hendi.

Kannaður hefur verið fýsileiki þess að leggja sendingargjald á óskráðar sendingar erlendis frá en niðurstaðan verið sú að slíkt kerfi myndi hafa aukinn kostnað í för með sér sem slíkt gjald myndi ekki ná að dekkja.

Virðingarfyllt
f.h. Bygðastofnunar

Hjalti Árnason
Forstöðumaður lögfræðisviðs